

IO.tbl.

12.mars. 2025

32 árg.

# Hlaupastelpán

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@jisl.is - s: 8953386



## Kaffihlaðborð - fjárlögun Sálubótar

Söngfélagið Sálubót verður með glæsilegt kaffihlaðborð í Stórutjarnaskóla sunnudaginn 16. mars kl. 15.00.

Kaffihlaðborðið er liður í fjárlun kórsins sem stefnir á þátttöku á tónlistarhátíð í Vín í nóvember 2025. Með metnaðarfullri dagskrá ætlum við okkur stolt að kynna og bera hróður norðlenskrar kórmenningar til meginlands Evrópu.

Borð munu svigna í Stórutjarnaskóla af ýmsum kræsingum, ljúfir tónar fylla salinn og óvæntar uppákomur.

**Aðgangseyrir 4000 kr.**

ATH enginn posí en hægt að millifæra á reikning kórsins.

Öll velkomin í gleði, söng og kræsingar í Stórutjarnaskóla

Söngleikurinn

# ÓLAFÍA

**Siðustu fjórar!**

Föstudagur 15. mars kl. 20:00

Miðvikudagur 19. mars kl. 20:00

Föstudagur 21. mars kl. 20:00

Sunnudagur 23. mars kl. 16:00

Miðapantanir:  Sími 618-0847 /  
umfefling@gmail.com



leikdeild\_eflingar



leikdeild.eflingar

Sýnt í Félagsheimilinu Breiðumýri  
Velkomin í leikhús

kr. Verð:

4.500,- Fullorðnir

3.000,- Börn (10.b og yngri)

4.000,- Heldri borgarar / öryrkjar

Félagsmenn í Framsýn fá 1.000 kr. afslátt gegn framvísun  
afsláttarmiða sem nálgast má á skrifstofu Framsýnar

## Auglýsing um skipulag – Þingeyjarsveit



### Efnisnáma við Öxará - Niðurstaða sveitarstjórnar vegna breytingar aðalskipulags

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti þann 27. febrúar 2025 óverulega breytingu á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 í samræmi við 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Í breytingunni felst að heimila efnisnám á nýjum stað við Öxará. Áætlað er að vinna um  $41.300\text{ m}^3$  á komandi árum. Flatarmál námunnar verður innan við  $7.000\text{ m}^2$ . Vegagerðin áformar að nýta námuna vegna vegaframkvæmda og viðhalds.

Skipulagsgögn má nálgast í gegnum skipulagsgátt, 304/2025.

Þeir sem óska nánari upplýsinga um breytinguna og niðurstöðu sveitarstjórnar geta snúið sér til sveitarfélagsins með því að senda póst á skipulag@thingeyjarsveit.is.

## Hlaupastelpan

Hlaupastelpan er gefin út á miðvikudögum, velflestar vikur ársins,

Auglýsingum þarf að skila á **mánudögum fyrir kl. 15:00**.

[hlaupastelpan@isl.is](mailto:hlaupastelpan@isl.is)

*Verðskrá:*

*Hálfsiðuauglýsing  
heilsíðuauglýsing*

*kr. 4.600,- m.vsk  
kr. 6.620,- m.vsk*

*Hlaupastelpunar er að finna á :*

<https://www.thingeyjarsveit.is/is/hlaupastelpan>

# Þingeyjarskóli, tvö laus störf í mötuneyti

## Aðstoð í eldhúsi

Við óskum eftir að ráða starfsfólk í mötuneyti Þingeyjarskóla. Um er að ræða tvær stöður:

- 80% starfshlutfall.
- 65% starfshlutfall.

Ráðið er í stöðurnar frá 1. apríl n.k. eða eftir nánara samkomulagi.

## Helstu verkefni

- Vinnur undir leiðsögn yfirmatráðs.
- Þátttaka í matseld fyrir nemendur og starfsfólk Þingeyjarskóla.
- Sér um að matur sé samkvæmt lýðheilsumarkmiðum, hollur, fjölbreyttur og snyrtilega framborinn.
- Frágangur og þrif í eldhúsi og matsal.

## Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun og reynsla sem nýtist í starfi er kostur.
- Skipulagshæfni, snyrtimennska og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Hæfni í mannlegum samskipum og frumkvæði í starfi.
- Stundvísí og áreiðanleiki.

Þingeyjarskóli er samrekinn leik-, grunn- og tónlistarskóli með um 100 nemendur. Lögð er áhersla á samvinnu og sameiginlega ábyrgð starfsmanna á verkefnum skólans. Áhugasamir einstaklingar, án tilliti til kyns, eru hvattir til að sækja um.

**Umsóknarfrestur er til og með 17. mars og skulu umsóknir berast á netfangið [lilja@thingskoli.is](mailto:lilja@thingskoli.is)**

Frekari upplýsingar veitir Lilja Friðriksdóttir, skólastjóri Þingeyjarskóla, í gegnum tölvupóst [lilja@thingskoli.is](mailto:lilja@thingskoli.is) og í síma 464-3580/847-2372.



## Sumarstarf í Þjónustumiðstöð Þingeyjarsveitar

Í starfinu felst m.a. sláttur opinna svæða og umhirða lóða stofnanna, viðhald og eftirlit með eignum sveitarfélagsins, ásamt öðrum störfum sem falla undir verksvið Þjónustumiðstöðvar.

Menntunar- og hæfniskröfur :

- Iðnmenntun sem nýtist í starfi er kostur
- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum er skilyrði
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Geta til að vinna í teymi
- Ökuréttindi eru skilyrði
- Vinnuvélaréttindi eru æskileg
- Aukin ökuréttindi eru kostur
- Íslenskukunnáttá

Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf eigi síðar en 1. júní eða eftir samkomulagi.

Nánari upplýsingar gefur Ingimar Ingimarsson sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs Þingeyjarsveitar í síma 512-1800 eða í tölvupósti [ingimar@thingeyjarsveit.is](mailto:ingimar@thingeyjarsveit.is)

Umsóknarfrestur er til og með 20. mars og skal senda umsóknir á [umsokn@thingeyjarsveit.is](mailto:umsokn@thingeyjarsveit.is) ásamt ferilskrá og kynningarbréfi.

Öll kyn eru hvött til þess að sækja um. Þingeyjarsveit áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.



## Flokksstjóri vinnuskóla

Starfið felst m.a. í því að stjórna starfi nemenda vinnuskólans, leiðbeina nemendum og fræða þá um rétt vinnubrögð og verkþætti í starfinu í samráði við verkstjóra áhaldahúss. Sinna verkefnum við hreinsun á umhverfi og almennum garðyrkjustörfum. Flokksstjóri vinnur auk þess markvisst að því að efla liðsheild og góða líðan nemenda.

Hæfniskröfur:

- Vera góð fyrirmynnd
- Stundvísí og vinnusemi
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi.

Bílpróf er skilyrði og viðkomandi þarf að hafa hreint sakavottorð. Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf eigi síðar en 1. júní eða eftir samkomulagi. Umsóknarfrestur er til og með 20. mars 2025.

Nánari upplýsingar um starfi veitir Ásta F. Flosadóttir sviðsstjóri fjölskyldusviðs: [asta.flosadottir@thingeyjarsveit.is](mailto:asta.flosadottir@thingeyjarsveit.is) eða í síma 512-1800. Umsóknum ásamt ferilsskrá skal skila á netfangið [umsokn@thingeyjarsveit.is](mailto:umsokn@thingeyjarsveit.is)

Öll kyn eru hvött til þess að sækja um. Þingeyjarsveit áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.



## Starf í heimabjónustu í Bárðardal og Kinn

Um er að ræða u.p.b. 5 - 6 tíma í viku (einn dag) eins og er við þjónustu á heimilum í Bárðardal, við Ljósavatn og í Kaldakinn. Mikill sveigjanleiki í vinnutíma.

Félagsleg heimabjónusta felur í sér margskonar aðstoð við einstaklinga á heimilum sínum sem geta ekki hjálparlaust sinnt daglegum verkefnum vegna öldrunar, veikinda, álags eða fötlunar. Áhersla er lögð á persónulega þjónustu þar sem samskipti og virðing eru höfð í fyrirrúmi. Þrif, aðstoð við þrif og önnur heimilisstörf er stórt verkefni í heimabjónustu en einnig er um að ræða verkefni tengd félagslegum stuðningi og önnur aðstoð og stuðningur. Starfsmaður í heimabjónustu þarf að vera hvetjandi og jafnframt sýna umburðarlyndi og skilning á aðstæðum þjónustubega.

Hæfniskröfur:

- Framúrskarandi færni í mannlegum samskiptum, jákvæðni, frumkvæði, sveigjanleiki og geta til að vinna sjálfstætt
- Áhugi og/eða reynsla af að starfa með öldruðum
- Almenn kunnáttu við þrif og önnur heimilisstörf
- Stundvísí, heiðarleiki og góð kunnáttu í íslensku
- Umsækjendur verða að hafa náð 18 ára aldri, hafi gild ökuréttindi og bíl til umráða

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og hlutaðeigandi stéttarfélags. Gerð er krafa um hreint sakarvottorð.

**Umsóknarfrestur er til og með 24. mars 2025.**

Umsóknir skal senda í tölvupósti til sviðsstjóra fjölskyldusviðs Þingeyjarsveitar: [asta.flosadottir@thingeyjarsveit.is](mailto:asta.flosadottir@thingeyjarsveit.is)

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ásta F. Flosadóttir sviðsstjóri fjölskyldusviðs í síma 512 1800 eða á netfangið [asta.flosadottir@thingeyjarsveit.is](mailto:asta.flosadottir@thingeyjarsveit.is)



## Sumarstörf í íþróttamiðstöðvum Þingeyjarsveitar

Íþróttamiðstöðvar Þingeyjarsveitar óska eftir sumarstarfsfólk til starfa frá byrjun júní 2025. Umsækjendur þurfa að hafa náð 18 ára aldri, vera með ríka þjónustulund og samskiptahæfileika. Nauðsynlegt er að hafa frumkvæði, vera sjálfstæður í vinnubrögðum og hafa kunnáttu í skyndihjálp. Hreint sakavottorð er skilyrði. Reynsla af afgreiðslustörfum, gæslu og þrifum er kostur.

### Sundlaugin á Laugum

Auglýst er eftir fólk til að sinna sundlaugarvarðarstarfi í tímavinnu. Um er að ræða gæslu á sundlaugarsvæði, vöktun og þrif. Nauðsynlegt er að standast sundpróf laugarvarða skv. reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum. Nánari upplýsingar um starfið veitir Magnús

Már, [magnus@thingeyjarsveit.is](mailto:magnus@thingeyjarsveit.is)

### Íþróttamiðstöðin í Reykjavíó

Auglýst er eftir sumarstarfsmanni í 100% starf. Starfið felur í sér afgreiðslustörf, gæslu, þrif og annað sem til fellur. Nánari upplýsingar um starfið veitir Ásta Price, [asta.price@thingeyjarsveit.is](mailto:asta.price@thingeyjarsveit.is)

Laun eru greidd skv. kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag. **Umsóknarfrestur er til 25. mars 2025.**

Umsóknum ásamt ferilskrá og sakavottorði skal skila á skrifstofu Þingeyjarsveitar eða á netfangið [umsokn@thingeyjarsveit.is](mailto:umsokn@thingeyjarsveit.is).



## **Messa Einarssstöðum**

Almenn guðsþjónusta verður á Einarssstöðum næstkomandi sunnudag, 16. mars. kl. 11:00.

Prestur séra Örnólfur J. Ólafsson.

Verið öll velkomin.

Séra Þorgrímur.